

## REGLUGERÐ

64

1. marz

um bann við dragnótaveiði á svæðinu frá Sandgerðisvita að Hraunsnesi.

Samkvæmt lögum nr. 83 22. október 1945, um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

### 1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta til fiskveiða innan landhelgi frá línu, er hugsast dregin frá Keili um Sandgerðisvita á haf út og fyrir framan strandlengju Gerðahrepps, Keflavíkurkaupstaðar, Njarðvíkurhrepps og Vatnsleysustrandarhrepps að Hraunsnesi, á tímabilinu frá 1. júní til 30. nóvember ár hvert.

Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota.

### 2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgigæzlu, ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

### 3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í lögum nr. 45 13. júní 1937.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 1. marz 1950.*

**Jóhann Þ. Jósefsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ásgeirs á Arngerðar- 65  
eyri“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. marz 1950. 29. marz  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Ásgeirs á Arngerðareyri.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Ásgeirs á Arngerðareyri, og er stofnaður til minningar um Ásgeir Guðmundsson dbrm. og hreppstjóra á Arngerðareyri og konur hans, Margrėti Jónsdóttur og Aðalbjörgu Jónsdóttur, á 100 ára afmæli hans, 22. september 1949, af undirrituðum börnum hans og stjúphörnum.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja og efla landbúnað í Nauteyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu á hvern þann hátt, er að dómi sjóðstjórnarinnar getur orðið til þess, að bæta hag bænda í hreppnum eða efla áhuga þeirra fyrir bættum búnaðarháttum.

65

29. marz

3. gr.

Stjórn sjóðsins, umsjón með fjárreiðum hans og valdið til að veita fé úr honum skal ávallt vera í höndum Búnaðarfélags Nauteyrarhrepps, en skylt er búnaðarfélaginu að gera hreppsnefnd Nauteyrarhrepps árlega skilagrein fyrir fjárhag sjóðsins og fjárveitingum af vöxtum hans og ber að láta þá skilagrein fylgja hreppsreikningunum til sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu, sem hafa skal æðstu umsjón með því, að stjórn sjóðsins fari í öllu eftir fyrirmælum skipulagsskrárinnar.

4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Höfuðstólinn má aldrei skerða og við hann skal leggja alla vexti, þar til ársvextir eru orðnir kr. 1000.00. Frá þeim tíma má til útborgunar falla allt að helmingi ársvaxta, en ávallt skal leggja fullan helming ársvaxtanna við höfuðstólinn.

5. gr.

Heimilt er að veita móttöku minningargjöfum í sjóðinn og fer um slíkar gjafir að öllu svo sem segir um stofnfé hans, sbr. 2. og 4. gr. Nöfn gefenda og gjafaupphæð skulu skráð í gerðabók sjóðsins.

6. gr.

Úthlutun á fé því, sem stjórn sjóðsins hefur í hvert sinn til umráða, skal ávallt fara fram á afmælisdegi Ásgeirs Guðmundssonar, 22. september.

7. gr.

Nú þykir stjórn sjóðsins ekki vera ástæða til úthlutunar á fé því, sem hún hefur til umráða, og skal það þá að jafnaði lagt við höfuðstólinn. Heimilt er henni þó að safna útborgunaryöxtum um nokkur ár og geyma þá á vöxtum á tryggum stað, unz þeir ná þeirri upphæð, er nægi til að standa straum af framkvæmd eða lántöku til framkvæmdar í hreppnum í stærri stíl, ef hreppsnefnd og sýslunefnd samþykkja.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal stjórn sjóðsins hafa lokið reikningi hans fyrir umliðið reikningsár svo snemma, að hann geti fylgt hreppsreikningnum til sýslunefndar, sbr. 3. gr. Reikningurinn skal endurskoðaður og úrskurðaður af sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún löggildir. Í hana skal færa þessa skipulagsskrá, svo og ársreikninga sjóðsins. Enn fremur ber að færa í hana allar ályktanir um úthlutun úr sjóðnum og annað, er honum viðkemur. Við úthlutanir skal ávallt geta þeirra með nafni, er styrks verða aðnjótandi eða verðlauna, fyrir hvað veitt er og hversu mikið.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 22. september 1949.

Margrét Ásgeirsdóttir.  
Jochum Ásgeirsson.

Geirþrúður J. Ásgeirsdóttir.  
Magnús Jochumsson.

Ásgeir Ásgeirsson.  
Sigríður Jochumsdóttir.